

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 123/2017

2019/EES/40/06

frá 7. júlí 2017

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1327/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi fjölrhringa, arómatískra vetniskolefna í kjöti og kjötafurðum sem eru reykt á hefðbundinn hátt og í fiski og lagarafurðum sem eru reykt á hefðbundinn hátt ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á lið 54zzzz (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við:

„– **32014 R 1327:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1327/2014 frá 12. desember 2014 (Stjúd. ESB L 358, 13.12.2014, bls. 13).“

2. Fyrirliggjandi aðlögunartexti er tölusettur sem a).

3. Eftirfarandi aðlögunartexta er bætt við eftir aðlögunartexta a):

„b) Í 6. og 7. mgr. 7. gr. skal Íslandi og Noregi bætt við á lista yfir lönd sem falla undir undanþáguna frá 1. gr.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1327/2014, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. júlí 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

⁽¹⁾ Stjúd. ESB L 358, 13.12.2014, bls. 13.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. júlí 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.